

Styrkumsóknir til borgarráðs 2017

	<u>Tengiliður</u>	<u>Efni</u>	<u>Dags. bréfs</u>	<u>Sótt um kr.</u>	<u>Sótt um áður</u>	<u>Tillaga að styrk</u>	<u>Málsnúmer</u>
1	Ásgerður Jóna Flosadóttir	Fjölskylduhjálpi Íslands: til aðstoðar fátæku og efnalítlu fólki í Reykjavík	27.1.2017	Ótilgreint (umsögn VEL fylgir)	já	1.500.000 með skilyrði um að velferðarsvi ð geri samstarfss amning	R17010315
2	Brynhildur Auðbjörgadóttir	Töframáttur tónlistar: tónleikaröð fyrir fólk sem vegna geðfatlana, félagslegrar einangrunar og/eða öldrunar á erfitt með að sækja tónleika.	7.1.2017	200.000	já, 100.000 2015, 200.000 2013	200.000	R17020069
3	Brynhildur Björnsdóttir	Myndin af mér: fræðslumyndband um stafrænt ofbeldi	6.2.2017	1.500.000	nei	Vísað til mannréttind aráðs	R17020122
4	Marzibil Sæmundardóttir	Stockfish Film Festival	8.2.2017	3.500.000	já, eru með samstarfssam ning fyrir 2017- 19	nei	R17020075

5	Jakob Þór Schram Eiríksson	Þátttaka Team Spark í Formula Student Italy 2017	13.2.2017	50.000	sóttu um almennan rekstarstyrk til SFS 2015	nei	R17020098
6	Dagrún Hjartardóttir	Lokahátíð Nótunnar 2017	15.2.2017	500.000	já	500.000	R17020177
7	Ísabella Leifsdóttir	#6dagsleikinn - How to make an Opera: kynjahyggja á samskiptamiðlum		1.000.000		nei	Til umsagnar MAR
8	Ársæll Nielsson	Ratatam - forvarnarmyndbönd		2.000.000			Til umsagnar MAR
9	Garðar Baldvinsson	Höndin mannræktarsamtök: sjálfstyrking og sam hjálp		400.000			300.000
10	Kristján B. Jónasson	Útgáfa bókarinnar "Bæjarskipulag og mótun umhverfis á Íslandi á 20. öld"		Ótilgreint		nei	Til umsagnar USK R17020119

Málsnr.: *R17010318*
Skjalasafn Ráðhúss

30. jan. 2017

Bréfalykill: *1252*



**Borgarstjórn, Borgarráð Reykjavíkurborgar
Ráðhús Reykjavíkur**

27. janúar 2017

Efni: Umsókn um styrk til aðstoðar fátæku og efnalítlu fólki í Reykjavík.

Fjölskylduhjálpar Íslands kt 660903-2590 Iðufelli 14, 111 R hefur starfað á 14 ár í þágu efnalítilla fjölskyldna og einstaklinga í Reykjavík. Óskum eftir styrk frá Reykjavíkurborg fyrir árið 2017. Arsreikningur og aðrar upplýsingar um starfsemina eru hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar en því miður fyrirfórst að senda inn sjálfa umsóknina á síðasta ári og því fáum við ekki styrk (samning) frá velferðarsviðinu fyrir 2017.

Það er von okkar að Borgarráð, Borgarstjórn Reykjavíkur sjái sér fært að styðja starfsemina á þessu ári. Frá árinu 2003 hefur bókhald starfseminnar verið opið.

Með virðingu og vinsemd,

Fh. Stjórnar Fjölskylduhjálpar Íslands

Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður (sign)
Þórunn Kolbeins Matthíasdóttir, varaformaður(sign)



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 16. febrúar 2017
VEL2017010034
2.6.0

Ráðhús Reykjavíkur
Bjarni Þóroddsson
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Málsnr.: 217010315
Skjalasafn Ráðhúss
17. feb. 2017
Bréfalykill: 1252

Umsögn vegna styrkumsóknar frá Fjölskylduhjálpi Íslands.

Óskað er eftir umsögn velferðarsviðs vegna styrkumsóknar Fjölskylduhjálpar Íslands til borgarráðs.

Velferðarsvið hefur undanfarin ár gert samstarfssamning við Fjölskylduhjálpi Íslands um aðstoð við fólk í erfiðleikum. Uppruni samningsins er styrkur á grundvelli styrkjareglna velferðarráðs. Þjónustan sem samið hefur verið um grundvallast á V. kafla laga um félagshjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum.

Markmið með styrk til Fjölskylduhjálparinnar hefur verið að styðja ráðgjafastarf og aðra faglega vinnu m.a. styðja við þróun nýrra aðferða við aðstoð og stuðning og koma í veg fyrir biðraðir varðandi matarúthlutanir. Fjölskylduhjálpin hefur skráð niður upplýsingar svo hægt sé að fylgjast með þróun mála, varðandi úthlutanir s.s. fjölda hverju sinni, hvaða hópar þarfnast aðstoðar, fjölskyldugerð, atvinnustaða o.fl. Mælikvarðinn hefur verið sá fjöldi Reykvíkinga sem nýta sér aðstoðina. Velferðarsviði hafa ekki borist upplýsingar um fjölda Reykvíkinga sem nýttu sér aðstoð Fjölskylduhjálparinnar á árinu 2016 en í janúar - nóvember 2015 var fjöldi einstaklinga og fjölskyldna 1.200 sem fengu mataraðstoð í 4.822 skipti.

Fyrir árið 2016 var gerður samstarfssamningur að fjárhæð kr. 1.500.000 m.a. til greiðslu launa fagaðila.

Velferðarsvið mælir með að Fjölskylduhjálpi Íslands verði veittur styrkur á árinu 2017 á grundvelli samstarfssamnings.

Virðingarfyllst


Birna Sigurðardóttir
deildarstjóri

Reykjavíkurborg - Borgarráð

Ráðhúsi Reykjavíkur

07.01 2017

Málsnr.: R17020069
Skjalasafn Ráðhúss
08. feb. 2017
Bréfalykill: 1252

Töframáttur tónlistar

Valhúsarbraut 23

Póstnúmer 170

Tölvupóstfang sellokvaran@gmail.com, braud64@hotmail.com

Beiðni um styrk.

Töframáttur tónlistar.

Töframáttur tónlistar er tónleikaröð fyrir fólk sem vegna geðfatlana, félagslegrar einangrunar og/eða öldrunar á erfitt með að sækja tónlistar- og aðra listviðburði. Aðstandendur tónleikaraðarinnar leggja áherslu á að kynna eins og best verður á kosið þessa tónlistarviðburði á þeim stöðum sem markhópurinn dvelur á eða sækir.

Fernir tónleikar eru haldnir á vetri á Kjarvalstöðum. Tónlistarmennirnir spila einnig á Litla-Hrauni ef nægilegt fjármagn næst. Enginn aðgangseyrir er á þessa tónleika.

Markmið verkefnisins er að ná til þeirra sem minna mega sín og fara af heilsufarslegum, félagslegum og oft um leið fjárhagslegum ástæðum á mis við það sem best gerist í íslensku tónlistarlífi. Við viljum hvetja þessa aðila til að koma á tónleika og um leið bjóða upp á ánægjulega og gefandi stund. Áhersla er lögð á að skapa gott og afslappað andrúmsloft á tónleikunum. Tónlistarmennirnir ræða við áheyrendur, kynna tónlistina og fræða áheyrendur um hana. Við viljum að fólk öðlist góða reynslu af þessum

stundum og að hún verði hvatning til áframhaldandi tónleikasóknar. Framkvæmd þessarar tónleikaraðar hefur mikla persónulega þýðingu fyrir okkur sem að henni stöndum því að það hefur lengi verið okkur ljóst að stór hópur fólks í Þjóðfélaginu fer á mis við menningarviðburði líðandi stundar. Með hverjum tónleikum fjölgar þakklátum áheyrendum, því í þessum gestaranni tekur langan tíma að mynda traust og áræðni til félagslegra athafna. Umsjónarmenn og tónleikagestir hafa tjáð ánægju sína með þessa tónleika og hversu mikið gildi þeir hafa.

Kynning og markaðssetning verkefnisins

Veggspjöld eru hönnuð og prentuð og hengd upp á heimilum og stofnunum sem markhópurinn býr á eða sækir. Þá eru sendir tölvupóstar á sömu staði í upphafi tónleikaraðarinnar og jafnframt fyrir hverja tónleika til áminningar með frekari upplýsingum um dagskrá og tónlistarmenn. Listrænn stjórnandi hringir einnig og ræðir við umsjónarmenn og starfsfólk til að minna á næstu tónleika.

Upphaf verkefnis 09.05.2016

Lok verkefnis 15.05.2017

Dagskrá vetrarins 2016 – 2017

Mánudag 26. september kl. 14:00

Ragnheiður Gröndal, söngkona og Guðmundur Pétursson, gítarleikari.

Mánudagur 7. nóvember kl. 14:00

Júlía Mogensen, sellóleikari og Guðrún Dalía Salómonsdóttir, píanóleikari.

Mánudaginn 6. febrúar kl. 14:00

Dominico Codispoti, píanóleikari.

Mánudagur 7. apríl kl. 14:00

Kristinn Sigmundsson, bassi og Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanóleikari.

Við sækjum um styrk að upphæð 200.000 kr. en hvaða upphæð sem er kemur að góðum notum.

Með vinsemi og virðingu,

Fyrir hönd Gunnars Kvarans listræns stjórnanda tónleikaraðarinnar,

A handwritten signature in black ink, written in a cursive style, reading "Brynhildur Auðbjargardóttir". The signature is positioned above a horizontal line.

Brynhildur Auðbjargardóttir, verkefnisstjóri (braud64@hotmail.com)

16. feb. 2017

Bréfalykill: 1252

Kæra borgarstjórn

Það er vert að hæla átaki Reykjavíkurborgar í þeim tilgangi að gera borgina öruggari á nóttunni og leggja sérstaka áherslu á að draga úr kynferðis- og ofbeldisglæpum. Ljóst er orðið að forvarnir eru það sem mestum árangri skilar í þeim efnum. Samfélagslegi ágóðinn sem hlýst af því að kenna börnum og unglingum hvernig á að greina og hafna ofbeldishegðun, bæði hjá sjálfum sér og öðrum, er ómetanlegur.

Undirrituð er ein höfunda stuttmyndanna *Fáðu já!* og *Stattu með þér!* sem eru öllum aðgengilegar á netinu, án endurgjalds. Báðar myndirnar hafa ofbeldisforvarnir að leiðarljósi og hafa notið mikilla vinsælda, bæði meðal nemenda í grunnskólum landsins en einnig meðal kennara, sem stuðst hafa við þær í kennslu. Ekki er síður mikilvægt að innræta börnum ofbeldisforvarnir sem ná til netheima, enda endurspeglar stafræn hegðun viðhorf í raunheiminum. Virðing og umgengni í netheiminum styrkir jákvæða hegðun þegar í raunheiminum er komið – og öfugt. Þá stíga mörg ungmenni nútímans sín fyrstu skref á sviði ástar og kynlífs með aðstoð tölvutækninnar, stundum með ófyrirséðum afleiðingum. Af þessum sökum mun næsta stuttmynd undirritaðrar og samverkafólks hennar fjalla um baráttuna gegn kynferðislegu ofbeldi á netinu, með fræðslu og jákvæðni að leiðarljósi. *Myndin af mér* fjallar um stafrænt ofbeldi á borð við hrelliklám og byggir á gríðarlegri reynslu Þórdísar Elvu Þorvaldsdóttur, eins höfundanna, sem fræddi 16.000 börn og foreldra um sexting og hrelliklám árið 2015 með fyrirlestrarröðinni *Ber það sem eftir er*.

Fjármögnun myndarinnar er vel á veg komin með dyggum stuðningi frá Jafnréttissjóði, Vodafone og Landsbankanum en enn vantar nokkuð upp á. Líkt og fram hefur komið hafa fyrri myndir hópsins reynst ómetanlegt kennslutæki í skólum þegar unnið er með þennan málaflokk og jafnvel orðið til þess að áhersla sé lögð á hann. Árangurinn hefur verið framúrskarandi. Þannig sögðust 70 prósent 15 ára unglinga í könnun á vegum Gallup að þeir skildu betur muninn á kynlífi og klámi eftir að hafa horft á stuttmyndinina *Fáðu já!*, svo dæmi sé nefnt.

Við leitum því til Reykjavíkurborgar um styrk að upphæð 1.500.000 kr. til að ljúka fjármögnun *Myndarinnar af mér*, svo framleiðsla geti hafist og myndin nýst við kennslu í upphafi næsta skólaárs.

Sjái Reykjavíkurborg sér fært að styrkja gerð stuttmyndarinnar bjóðumst við til að fræða kennara í skólum borgarinnar um hvernig best er að nota *Myndina af mér*, sem og fyrri stuttmyndir hópsins, í kennslu. Þá munum við einnig láta Reykjavíkurborg í té kennsluleiðbeiningar til að styðja kennara í því mikilvæga ofbeldisvarnarstarfi sem þeir sinna.

Á viðhengi er ítarlegri lýsing á verkefninu og rökstuðningur fyrir nauðsyn fræðslu af þessu tagi.

Með von um jákvæð viðbrögð,

Fyrir hönd framleiðslufyrirtækisins Elinóru

Brynhildur Björnsdóttir
s: 88 3498

Stutt lýsing:

"Myndin af mér" er 20 mínútna fræðslustuttmynd í sama anda og fyrri myndir sömu höfunda, "Fáðu já" og "Stattu með þér" en vefslóðir þeirra má finna hér að neðan. Í myndinni verður unnið með hugtök á borð við sexting, hrelliklám og stafræn borgararéttindi. Myndin er ætluð aldurshópnum 12-15 ára en rannsóknir sýna að nauðsynlegt er að fræða þennan hóp um ábyrgðina sem felst í kynferðislegum samskiptum á netinu þar sem hann er líklegastur til þess bæði að valda og verða fyrir skaða af völdum þess sem í daglegu tali er nefnt hrelliklám.

Meginmál:

Sexting, það að skiptast á kynferðislegum smáskilaboðum sem oft fela í sér nektarmyndir, er vaxandi hluti af kynhegðun ungmenna í dag. Rannsóknir frá Bandaríkjunum benda til þess að 58% ungmenna þar í landi hafi iðkað sexting áður en þau náðu 18 ára aldri. Íslensk rannsókn á vegum SAFT verkefnisins árið 2013 sýndi að 14% nemenda í 10. bekk sögðust hafa verið beitt þrýstingi til að senda af sér nektarmynd, eða ljósmynd í ögrandi stellingum, á síðustu 12 mánuðum. Hrelliklám felur í sér að deila nektarmyndum eða myndskleiðum án leyfis þeirra sem þar sjást. Hróplegur skortur er á kynfræðsluefni sem gerir nektarmyndum og kynferðislegum samskiptum í gegnum netið skil.

Meginmarkmið stuttmyndarinnar „Myndin af mér“ er að notast við þá árangursríku aðferð sem þróuð var við gerð myndanna „Fáðu já!“ og „Stattu með þér!“ til að koma mikilvægri fræðslu til barna á jákvæðan og skemmtilegan hátt. Og þörfin er brýn. Þórdís Elva Þorvaldsdóttir rithöfundur og fyrirlesari hefur frá því í janúar 2015 hefur frætt hátt í 3000 íslenska foreldra og u.þ.b. 16.000 börn í öllum landshlutum um sexting (að skiptast á kynferðislegum myndum eða smáskilaboðum) og hrelliklám (að dreifa nektarmyndum án leyfis þess sem á myndinni sést). Í hverjum einasta hópi barna á aldrinum 12-15 ára hefur Þórdís Elva spurt hvort þau þekki einhvern á sínum aldri sem hefur ýmist sent eða fengið senda nektarmynd. Að meðaltali hafa 75% barnanna rétt upp hönd. Í kjölfarið hafa þau verið spurð hvort þau þekki til jafnaldra sem hefur orðið fyrir hrelliklámi. Á bilinu 10-15% barnanna réttu upp hönd. Þetta gefur eindregna vísbendingu um að vandamál tengd kynferðislegum netsamskiptum séu hluti af reynsluheimi íslenskra unglunga í dag.

Yfirvöld eru svifaseinni en tæknin, sem fleygir fram á degi hverjum. Þar af leiðandi eru löggæsla og menntastofnanir komnar skammt á veg hvað snertir úrræði og fræðslu um kynferðisbrot í netheimum, sem ekkert lát er þó á. Forvarnir geta skipt sköpum til að minnka þetta bil, enda eru upplýstir einstaklingar síður líklegir til að brjóta af sér. „Myndin af mér“ mun fræða áhorfendur um hugtök á borð við sexting, hrelliklám og stafræn borgararéttindi (e: cyber civil rights). Þá mun hún fjalla um birtingarmyndir ofbeldis á netinu. Mikilvægt er þó að hafa jákvæðni að leiðarljósi, að fræða, ekki hræða og leggja áherslu á virðingu í samskiptum. Þessi frásagnartækni var notuð í „Fáðu já!“ þar sem fjallað var um kynlíf sem uppsprettu gleði og nándar fyrir þá sem það vilja stunda, til að skilja það betur frá skaðanum og sársaukanum sem kynferðisofbeldi veldur. Á sama hátt mun „Myndin af mér“ fjalla um netið sem vettvang þar sem samskipti og innileiki getur blómstrað, til að skilja það betur frá tjóninu sem stafrænt kynferðisofbeldi veldur. Í Samskipti, sjálfsmynd og virðing fyrir réttindum annarra verða meginstef myndarinnar. Þá verður lagaumhverfið einnig útlistað, en mörg ungmenni eru ómeðvituð um misræmið milli kynferðislegs lögdurs (15 ára) og 18 ára aldurstakmarksins sem gildir um nektarmyndir, en myndir af einstaklingum yngri en átján ára flokkast samkvæmt íslenskum og alþjóðlegum lögum sem barnaklám. Eitt af markmiðum myndarinnar er að útskýra lagalega stöðu málaflökksins á hátt sem er auðskilinn og aðgengilegur. Mikilvægt er að útskýring á boðum og bönnum lagaumhverfisins hafi ekki fælingarmátt meðal barna sem gætu þurft að leita sér lögregluástoðar vegna þess að nektarmynd (sem þau tóku jafnvel sjálf, þrátt fyrir að vera undir lögdri) hafi ratað í rangar hendur. Hér þarf því að vanda til verka og velja orðin af kostgæfni, samhliða því að hafa skemmtana- og fræðslugildi í huga.

Aðstandendur “Myndin af mér” eru Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, handritshöfundur sem er landsþekkt og víðar fyrir þrotlausa baráttu gegn kynferðisofbeldi, Brynhildur Björnsdóttir leikstjóri sem hefur getið sér gott orð með gerð fjölmiðlaefnis fyrir börn og unglinga og Halla Kristín Einarsdóttir kvikmyndagerðarmaður sem hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir kvikmyndir sínar "Hvað er svona merkilegt við það?" og "Konur á rauðum sokkum" sem fjalla um jafnréttisbaráttuna á Íslandi.

Hér má sjá „Fáðu já!“: <https://www.velferdarraduneyti.is/faduja/>
og hér má sjá „Stattu með þér!“: <https://www.velferdarraduneyti.is/stattumedther/>
en til gamans má geta að þúsundir netverja hafa látið sér líka við fésbókarsíður myndanna.

Niðurstöður Gallup könnunar sem unnin var 2013 sýndi áþreifanlegan árangur stuttmyndarinnar „Fáðu já!“, sem sniðin var að nemendum á efsta stigi grunnskólans. Tæp 70% þeirra 15 ára barna sem tóku þátt í könnuninni sögðust skilja betur muninn á kynlífi og klámi eftir að hafa séð myndina. Þá taldi meirihluti barnanna sig betur í stakk búinn til að ræða kynferðismál við rekkjunaut í framtíðinni. „Fáðu já!“ vann til alþjóðlegra verðlauna á InSafe ráðstefnunni í Tallinn í Eistlandi 2013 sem besta fræðsluefnið. Sjálfstæða framhaldsmyndin „Stattu með þér!“ var tilnefnd til Eddunnar 2015 sem besta barnaefnið, en markhópur hennar voru börn á aldrinum 10-12 ára. Báðar myndirnar hafa verið notaðar sem námsefni í grunn- og framhaldsskólum um land allt og voru styrktar af samstarfsverkefni þriggja ráðuneyta, sem kallaðist Vitundarvakning um andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Því miður hlaut Vitundarvakningin ekki áframhaldandi hljómgrunn í fjárlögum, svo róa þarf á ný mið eftir fjármagni til að halda áfram forvarnarstarfi fyrir börn gegn kynferðisofbeldi.

“Myndin af mér” hefur þegar hlotið styrk frá Jafnréttissjóði og samfélagssjóði Landsbankans.



STOCKFISH

Borgarstjóri
Dagur B. Eggertsson

Reykjavík 8. Febrúar 2017

Kvikmyndahátíð Reykjavíkur var sett á laggirnar árið 1978 og eftir að hafa legið í dvala frá árinu 2001 var hún endurvakin árið 2015 undir nafninu Stockfish Film Festival í Reykjavík. Forsvarsmenn fagfélaga í kvikmyndagerð lýstu yfir áhuga á því að endurvekja hátíðina og eftir samtal við kjörna fulltrúa í Reykjavík kom í ljós að með samvinnu beggja aðila var komin kjölfesta fyrir kvikmyndahátíðinni á nýjan leik. Þar hafði styrkur upp á 8 milljónir króna frá borginni mikið að segja svo hægt væri að koma hátíðinni á laggirnar á faglegum grunni og til að standa straum af fyrstu hátíðinni. Samstarf fagfélaganna og kjörinna fulltrúa borgarinnar er því hryggjarsúlan í Stockfish Film Festival í Reykjavík, hátíðar sem er mikilvæg fyrir hvoru tveggja almenning og fagfólk í stéttinni á Íslandi.

Stjórn Stockfish þakkar Reykjavíkurborg fyrir þann samning sem nýlega var undirritaður en í undanfara hans var aðstandendum Stockfish tjáð að borgin gæti því miður ekki styrkt hátíðina meira en RIFF, sem væri með 5 milljón kr. samning til 3ja ára, og því ráðlagt að sækja um þá upphæð. Aðstandendur hátíðarinnar sýndu þessu skilning þrátt fyrir allt og í góðri trú, sótti Stockfish því um 5m kr. til borgarinnar. Það kom því aðstandendum hátíðarinnar vægast sagt spáskt fyrir sjónir að sjá að viðmiðunarhátíðin RIFF fékk 10 milljón kr. samning til 3ja ára á sama tíma og Stockfish fékk 4.5m kr. samning til jafn margra ára. Aðstandendur Stockfish furða sig á þeirri mismunun sem þessum tveim hátíðum er sýndur af hendi borgarinnar, sérstaklega þegar forsagan sem og tilgangur og faglegt bakland Stockfish er tekið inn í myndina.

Nú á þriðja ári Stockfish, eftir að hátíðin var hvött til endurvakningar af borgarfulltrúum meirihlutans, er hátíðin annað árið í röð í verulegum fjárhagserfiðleikum. Rekstrargrundvöllur er ekki tryggður nú þrem árum seinna þó svo allir geti verið sammála um að mikilvægið og ávinningurinn sé gríðarlegur sem og mælanlegur. Eftir síðustu hátíð urðu til að minnsta kosti þrenn viðskiptasambönd þar sem íslensk kvikmyndaverk fengu erlenda meðframleiðendur í kjölfar tengslamyndunar á bransadögum hátíðarinnar. Nú þegar örfáar vikur eru til stefnu er einungis 50% af fjármagni staðfest. Skjót úrlausn mála er því enn og aftur verulega brýn, því miður!

Í stjórn Stockfish, sem er sjálfseignastofnun en ekki einkarekstur með hagnað að leiðarljósi, sitja fulltrúar allra fagfélaganna í kvikmyndagreinum og er hátíðin að þannig unnin að stórum hluta í sjálfboðastarfi. Hagnaður Stockfish er sá sami og markmið hátíðarinnar sem er að þjóna samfélaginu sem hátíðin sprettur úr, efla og auðga kvikmyndamenningu á Íslandi árið um kring og vera íslenskum kvikmyndaiðnaði lyftistöng bæði erlendis og innanlands. Á bransadögum Stockfish 2017 er lögð áhersla á jafnréttismál, umhverfismál og myndlist í kvikmyndum svo fátt eitt sé nefnt.

Stockfish óskar því eftir 3.5 milljónum kr. í aukafjárveitingu frá Reykjavíkurborg í fagmessu kvikmyndaiðnaðarins, sem Stockfish bransadagarnir svo sannarlega eru, og í kjölfarið endurgerð samnings til þriggja ára um áframhaldandi stuðning og frekara samstarf.

Virðingarfyllt,

Stjórn Stockfish Film Festival & Industry Days

Friðrik Þór Friðriksson

Dögg Mósesdóttir

Bergsteinn Björgúlfsson

Birna Hafstein



Guðrún Edda Þórhannesdóttir Huldar Breiðfjörð

Ari Alexander Ergis Magnússon

From: Jakob Schram [mailto:jakob.schram@gmail.com]
Sent: 13. febrúar 2017 11:22
To: Upplýsingar - Pósthólf Símaver
Subject: Team Spark - Formula Student

Góðan dag

Ég heiti Jakob Þór og er í framkvæmdarliði Team Spark 2016-2017.

Team Spark er þróunarverkefni við Verkfræði- og Náttúruvísindasvið Háskóla Íslands. Verkefnið snýst um að þróa, hanna og smíða eins manns rafmagnsknúinn kappakstursbíl frá grunni.

Smíðaður er nýr bíll á hverju ári með tilheyrandi framþróun og keppt á hverju sumri á stærstu alþjóðlegu hönnunarkeppni verkfræðinema í heimi, Formula Student.

Seinustu ár höfðum við farið á Silverstone akstursbrautina á Englandi en í fyrra fórum við í fyrsta skipti til Ítalíu. Nú í sumar tökum við þátt í Formula Student Italy ásamt því að fara í fyrsta skipti á Formula Student Austria.

Liðið samanstendur af nemendum sem flestir eru í grunnnámi í verkfræði og leggja allan sinn hug í þetta verkefni meðfram fullu háskólanámi. Mikill tími fer í framleiðslu þessa dagana því það styttest óðum í afhjúpun sem verður á vordögum.

Ég hef samband við ykkur vegna þess að liðið mun halda út til Ítalíu upp úr miðjum Júlí þar sem verður keppt og seinna farið til Austurríkis. Nemendur leggja sjálfir út fyrir flugi og uppihaldi og sjáum við fram á að þetta gæti gæti orðið töluverður kostnaður.

En vegna þess hversu fjölbreytt liðið er og margir liðsmenn koma af landsbyggðinni, ég sjálfur kem úr uppsveitum Árnessýslu, datt mér í hug að athuga hvort ykkar sveitarfélag myndi vilja styrkja þetta verkefni með litlum styrk fyrir uppihaldi þegar út verður haldið. Væri þetta þá matarkostnaður og ferðir á milli staða. Hver þúsundkall telur og væri það kærkomið ef þið gætuð lagt hönd á plóg. Ekki er verið að ræða um meira en 10-50.000 kr en það gæti hjálpað verulega.

Við erum með virka fésbókarsíðu og erum að segja fréttir af því reglulega og þar muna koma tilkynningar þegar eitthvað fréttnæmt gerist. Þá er einnig afhjúpun líkt og ég kom inn á að ofan þar sem hægt verður að koma niður á Háskólatorg og sjá afrakstur vetursins.

Læt hér fylgja með myndband af T16 sem tekið var upp í Bláfjöllum í haust.

<https://www.youtube.com/watch?v=aIQTPiH5rYY>

Hlakka til að heyra frá ykkur

Bestu kveðjur

Jakob Þór Schram Eiríksson

Team Spark 2016-2017

Borgarráð Reykjavíkur

Styrkbeiðni

NÓTAN 2017



NÓTAN 2017

Uppskeruhátíð tónlistarskóla

Reykjavík, 13. febrúar 2017

EFNI:

- **Beiðni um stuðning Borgarráðs við Nótuna 2017 – uppskeruhátíð tónlistarskóla. Yfirstjórn Nótunnar leitar hér eftir stuðningi Borgarráðs við uppskeruhátíð tónlistarskóla á Íslandi í formi fjárstyrks að upphæð kr. 500.000.**
- Hátíðin er eins konar Andrésar- andarleikar tónlistarnemenda. Þátttakendur eru frá öllu landinu, á öllum aldri og á öllum stigum tónlistarnámsins.

UM NÓTUNA

NÓTAN - uppskeruhátíð tónlistarskóla var fyrst haldin skólaárið 2009-2010 og er árlegur viðburður í kerfi tónlistarskóla á Íslandi. Uppskeruhátíðin er ný vídd í starfsemi tónlistarskóla. Hátíðin er í senn faglega hvetjandi og skemmtilegt innlegg í skólastarfið fyrir alla aðstandendur skólanna jafnt innan veggja þeirra sem utan.

NÓTAN fer fram í þremur hlutum og byggir skipulag og grunnhugsun hátíðarinnar á því að þátttakendur séu frá öllu landinu, á öllum aldri og á öllum stigum tónlistarnámsins - að uppskeruhátíðin endurspegli hin ólíku viðfangsefni tónlistarnemenda og það fjölbreytta starf sem fram fer innan tónlistarskóla út um land allt.

NÓTAN er samstarfsverkefni Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, Samtaka tónlistarskólastjóra, Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna og Tónastöðvarinnar. Hátíðin, sem nú verður haldin í áttunda sinn, er víðtækasta samstarfsverkefni sem stofnað hefur verið til í tónlistarskólakerfinu, „grasrót tónlistarsköpunar“ á landinu.

Markmið

Markmið Nótunnar ná allt frá því að styrkja ungt tónlistarfólk til listsköpunar til þess að efla listir, menntun og menningu í samfélaginu.

Gagnvart tónlistarnemendum:

- Að bjóða upp á faglega hvetjandi vettvang fyrir tónlistarnemendur á öllum aldri, út um allt land,
- að gefa ungu tónlistarfólki tækifæri til að flytja tónlist og hlýða á aðra við metnaðarfullar aðstæður,
- að hvetja tónlistarnemendur til dáða með því að veita þeim viðurkenningu fyrir afrakstur vinnu sinnar og frammistöðu.

Gagnvart samfélaginu í víðu samhengi:

- Að efla vitund um mikilvægt hlutverk tónlistarskóla á sviði menntunar, lista og menningar,
- að efla skilning á víðtæku framlagi tónlistarfræðslu og tónlistar til þjóðarbúsins sem og mennsku samfélagsins,
- að efla tónlistarfræðslu og tónlistarlíf á Íslandi.

Í stefnumörkun UNESCO er bent á nauðsyn þess að unnið sé að því að lista- og menningarstofnanir, fjölmiðlar, iðnaðurinn og einkaaðilar taki virkan þátt í menntun. Vísað er til mikilvægis þess að mótuð sé stefna í list- og verkmenningu sem undirstriki samband milli samfélags og menntunar.

- Nótan er umfangsmikið verkefni og framkvæmdin kostnaðarsöm eftir því. Hátíðin á tilurð sína að þakka stuðningsaðilum og velunnurum. Tekið skal fram að sjö manna yfirstjórn hátíðarinnar gefur allt sitt vinnuframlag við skipulagningu, framkvæmd og yfirumsjón uppskeruhátíðarinnar. Sömu sögu er að segja um fjórar þriggja manna svæðisstjórnir sem hafa veg og vanda af framkvæmd svæðistónleika hátíðarinnar út um land.

Með vinsemd og virðingu,

*f.h. yfirstjórnar Nótunnar,
Dagrún Hjartardóttir
S: 8621677*

Hér á eftir má sjá nánari upplýsingar um fyrirkomulag Nótunnar

➤ Uppskeruhátíð tónlistarskóla fer fram í þremur hlutum

1. Fyrsti hluti / forval innan hvers skóla



Fyrsti hluti Nótunnar fer fram inn í tónlistarskólunum og felur í sér forval/tilnefningar á atriðum til þátttöku í öðrum hluta hátíðarinnar. Hverjum skóla er í sjálfsvald sett hvernig hugmyndin er nýtt í skólastarfinu og hvernig er staðið að fyrrgreindu vali á atriðum. Sem dæmi um leiðir sem hafa verið farnar: Uppskeruhátíðir einstakra skóla, sérstakir valtonleikar innan hvers skóla, keppni innan einstakra skóla, kennarahópurinn velur atriði.

2. Annar hluti / fernir svæðistónleikar út um land

Annar hluti Nótunnar felst í svæðistónleikum sem haldnir hafa verið á fjórum stöðum út um land:

- Svæðistónleikar Nótunnar fyrir Norður- og Austurland voru haldnir í Egilsstaðarkirkju, laugardaginndaginn 18. mars 2017.
- Svæðistónleikar Nótunnar fyrir Vesturland og Vestfirði voru haldnir í Tónlistarskóla Akraness, laugardaginn 18. mars 2017.
- Svæðistónleikar Nótunnar fyrir Reykjavík voru haldnir í Salnum, Grafarvogskirkju, sunnudaginn 19. mars 2017.
- Svæðistónleikar Nótunnar fyrir Kragann, Suðurland og Suðurnes voru haldnir í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs, sunnudaginn 19. mars 2017.

Allir þátttakendur á svæðistónleikum Nótunnar fá viðurkenningarskjal fyrir þátttöku. Valnefnd veitir tíu framúrskarandi atriðum á hverjum svæðistónleikanna sérstök viðurkenningarskjöl og verðlaunagrip Nótunnar. Þá velur valnefnd tiltekinn fjölda atriða á hverjum svæðistónleikum sem öðlast þátttökurétt á lokahátíð Nótunnar.

3. Þriðji hluti / lokahátíð Nótunnar - tónleikar og lokaathöfn í Hörpu

Þriðji hluti Nótunnar fer fram í formi tónleika og lokaathafnar á landsvísu. Lokahátíðin fór fram sunnudaginn 2. apríl, 2017 í Eldborgarsal Hörpu. Á dagskrá tveggja tónleika voru 24 tónlistaratriði frá tónlistarskólum af öllu landinu.

Hátíðinni lýkur með lokaathöfn þar sem veittar eru viðurkenningar og handhafi Nótunnar 2017 endurtekur flutning á verki sínu.

Samfélagsleg skírskotun

- Jákvæðnin er ríkjandi afl í Nótunni en um leið er „keppniselementið“ nýtt til að ýta undir frumkvæði, hugmyndaauðgi, kjark og faglegan metnað nemenda og skóla.
- Verkefnið hefur breiða samfélagslega skírskotun en það fellur jöfnum höndum undir svið lista-, menningar- og menntamála sem og stoð skapandi greina í atvinnulífi þjóðarinnar. Verkefnið hefur víðtæk jákvæð áhrif, s.s. á menntun, þroska og sjálfsmynd nemenda, á nærumhverfi skóla þar sem samfélögin á hverjum stað taka þátt í viðburðinum á skóla-, svæða- og landsvísu.
- Sköpun, listum og menningu er gert æ hærra undir höfði í umræðu um menntun, mennsku og atvinnulíf og telja aðstandendur uppskeruhátíðar tónlistarskóla Nótuna vera verðugt innlegg á þeirri vegferð og í samræmi við andblæ 21. aldarinnar.

Nótan – uppskeruhátíð tónlistarskóla er lifandi hátíð sem þróast frá ári til árs.

Hér má sjá myndir og myndbandsupptökur frá fyrri hátíðum.

<https://www.facebook.com/search/top/?q=N%C3%B3tan>

Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

Málsnúmer

Umsækjandi

#6dagsleikinn – How to Make an Opera (Aequitas Collective í samstarfi við Alþýðuóperuna)

Nafn umsækjanda

Alþýðuóperan

Kennitala

4404112150

Heimilisfang

Hörpugata 7

Netfang

aequitascollective@outlook.com

Póstnúmer

101

Staður -

Reykjavík

Símanúmer 1

8491013

Símanúmer 2

Nafn ábyrgðarmanns

Ísabella Leifsdóttir

Kennitala ábyrgðarmanns

291180-2999

Heimilisfang ábyrgðaraðila

Miðtún 50

Póstnúmer ábyrgðaraðila

105

Netfang ábyrgðaraðila

ladivarosa@gmail.com

Símanúmer ábyrgðaraðila

8491013

Hlutverk ábyrgðaraðila

Framkvæmdastjóri

Banki -

0513-26-

Höfuðbók -

26

Reikningsnúmer -

040411

Lýsing á verkefni

#6dagsleikinn – How to Make an Opera er ný íslensk/ensk ópera um kynjahyggju á samskiptamiðlum frá tón-leikfélaginu Aequitas Collective í samstarfi við Alþjóðuóperuna.

Heiti verkefnis - #6dagsleikinn – How to Make an Opera

Verkefnið í hnotskurn –

#6dagsleikinn kynnir sögu af 4 einstaklingum og upplifanir þeirra af Twitter.

Áhorfendur dýfa sér lengst niður í dimma, absúrda og fyndna heim samskiptamiðla og kynnast fernhyrtri tjáningu hugsana í formi 140 stafa. Skjárinn á sviðinu verður með „Twitter feed“ í beinni þar sem áhorfendur geta tístað beint inn í atburðarrásina.

Verkefnislýsing -

-Twitter og Youtube ópera

Sýningin sjálf er einstök í sinni gerð enda hefur aldrei áður komið fram „verbatim“ ópera um samskiptamiðla. Sungið verður bæði á íslensku og ensku, en þýðingar verða birtar á skjá. Ferlið verður documenterað með vídeó-bloggi þáttakenda sem birtist á samfélagsmiðlum hópsins, einnig verður ferlið tekið upp og gerð myndbönd til að deila. Sýningum verður streymt beint á netinu.

Sótt er um verkefni á sviði

menningarmála

Markmið -

-Alþjóðlegt samstarf

Aequitas Collective var stofnað í byrjun ársins af íslenskum og enskum listamönnum, þeim Ísabelli Leifsdóttur (óperusöngkonu/framleiðanda), Rosie Middleton (söngkonu) og Michael Betteridge (tónskáldi) með það að markmiði að skoða stöðu kvenna á Íslandi og Englandi í gegnum tónleikhús.

-Styrkur frá Bretlandi

Sótt var um og styrkur fékkst hjá Art Council England til að halda 5 daga vinnustofu og sýna afraksturinn á Íslandi. Síðastliðið vor var auglýst eftir umsóknum höfunda/leikstjóra og í framhaldi af því var Ingunn Lára

Kristjánsdóttir ráðin. Einnig var auglýst eftir söng-leikurum og urðu Jónína (leik- og söngkona) og Arnar Ingi (jazz-söngvari) fyrir valinu. 5 daga smíðja var haldin í júní og afurðin sýnd fyrir áhorfendur í söngskóla Sigurðar Demetz.

-Fullklárað verk

Hér er sótt um fyrir því að ljúka framleiðslunni á tónleikhúsverkinu og setja á svið 4 sýningar á Íslandi.

Hverjir hafa helst hag af styrknum?

Fleiri konur en karlar

Hverjir munu vinna að verkefninu?

Aðallega konur

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)

Alþýðuóperan hefur sterka jafnréttisstefnu. Ísabella Leifsdóttir sem er stjórnarformaður var í stofnstjórn KÍTÓN (Konur í tónlist) sem hefur barist fyrir því að jafna hlut kvenna í tónlistarbransanum á Íslandi.

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

#6dagsleikinn notar tíst úr íslensku samfélagi orð fyrir orð til að skoða hvernig tjáning okkar á netinu mótar okkar daglega líf. Hvar lifum við lífinu okkar? Á netinu eða fyrir utan skjáinn? Sýningin rannsakar hvort skuggi svarta skjásins sýnir raunverulegu hlið manneskjunnar og hennar raunverulegu tilfinningar. Hvað segjum við og hvað meinum við í skjóli tölvunnar? Sérstaklega er fókuserað á hvernig ráðist er að konum með orðum í skjóli nafnleyndar.

Alþýðuóperanvhefur að markmiði að færa óperuna til fjöldans, þetta verkefni fellur því fullkomnlega að stefnu félagsins og var stjórnin spennt að taka þátt. Áður hefur Alþýðuóperan framleitt eina óperu í fullri lengd sem og smærri verkefni. Alþýðuóperan hefur m.a. flutt óperur fyrir fólk sem kemst ekki út til þess að sjá þær, á sjúkrastofnunum og víðar.

(Mannréttindastefnu má finna hér: http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2481/4267_view-752/)

Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?

Það vantar fjölbreyttari afþreyingu fyrir ferðamenn á Íslandi og menningartúrismi eykst með hverju árinu. Við munum markaðssetja okkur fyrir ferðamenn og teljum að samanburðurinn milli landanna, nútímaleg framsetning og afburða listamennirnir muni bæði draga að Íslendinga, Breta og aðra. Stefnt er að því að nota bæði íslensku og ensku en varpa þýðingum upp.

Verk- og tímaáætlun verkefnisins

Eftir vinnustofuna okkar í júní síðastliðnum hafa Ingunn Lára, Michael og Ísabella unnið áfram í að þróa

verkefnið. Við teljum að til þess að klára þá vinnu sem hafin er að þá þyrftum við að halda áfram spuna- og samstarfsleikhús-ferlinu (e. improvised & devised) í tvær vikur með öllum hópnum. Í lok þeirrar vinnustofu myndum við sýna afraksturinn boðsgestum. Í framhaldi myndu Ingunn Lára og Michael koma sýningunni á blað, fullvinna handrit og fínpússa. Um sumarið yrði komið aftur saman, æft í viku og sýndar í framhaldi 2 sýningar. Lokasýning yrði á Cycle tónlistarhátíðinni, en gert er ráð fyrir 1 æfingadegi á undan þeirri sýningu. Cycle tónlistarhátíðin er haldin í október á hverju ári. Við höfum talað við þá sem standa að Cycle og þau hafa áhuga á að fá okkur til sín á næsta ári. Ekki er þó búið að taka lokaákvörðun um sýninguna. Einnig er gert ráð fyrir að streyma sýningum á internetinu, standa að YouTube Vloggi og allskyns deilingum á myndum og texta á samfélagsmiðlum.

Æfingatímabil

Gert er ráð fyrir að allir séu til staðar í langa daga á meðan á æfingum stendur og 2 vikna heimavinnu leikara

Túrinn

Stefnt er að því að sýna óperuna einnig í Bretlandi, bæði í Hull og London. Cycle tónlistarhátíðin hefur sýnt áhuga á að koma að þeim hluta sem snýr að sýningu hér heima og í Hull, en Southbank tónlistarhátíðin hefur sýnt áhuga á

að sýna verkið í Lundúnum. Sótt yrði um styrki frá Art Council England til að koma sýningunum ytra á svið. Einnig verður sótt í erlenda sjóði til að fjármagna framleiðsluna í formi launa og dagpeninga til Rosie og Michael.

Hlutverk framkvæmdastjóra

Ísabella hefur meðfram tónlist stundað störf í markaðsmálum, m.a. var hún ritstjóri WOW air í nokkur ár. Hún mun því ekki aðeins sjá um almenna framkvæmdastjórn heldur einnig markaðssetningu, samfélagsmiðla (sem verða ansi viðamiklir), sem og bókhald, uppgjör við listamenn o.s.frv.

Aðrir fagmenn

Við munum þó þurfa að ráða fagmenn við að taka upp hljóð og mynd til að koma þeim hluta vel frá okkur, sem og ljósmyndara og grafískan hönnuð til að hjálpa við gerð markaðsefnis. Við reiknum með að það þurfi 2-3 myndavélar,

hljóðmann og klippara fyrir myndböndin sem við munum birta jafnóðum og eftirá undir How to Make an Opera.

Æfingarými og sýningarstaður

Æft verður í Söngskóla Sigurðar Demetz, en sal skólans höfum við fengið afnot af fyrir lága upphæð. Frumsýning og 2 aðrar sýningar verða í Tjarnarbíói en lokasýning verður á Cycle tónlistarhátíðinni í Salnum í Kópavogi.

Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir

Æfingahúsnæði: 190.000-

Cycle Tónlistarhátíð: 300.000- (óstaðfest)

Miðasala: 500.000-

Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir

Laun á æfingatíma: 11.000.000-

Æfingahúsnæði: 195.000-

Ferðakostnaður: 200.000-

Dagpeningar: 249.600-

Tækjabúnaður: 100.000-

Efniskostnaður: 750.000-

Aðkeypt þjónusta: 1.500.000-

Sýningarhúsnæði: 281.248-

Sýningarlaun flytjenda: 512.000-

Tæknimenn sýninga: 256.000-

Sýningarstjórn: 256.000-

Kynningarefni: 500.000-

Auglýsingar: 150.000-

Akstur: 50.000-

Verkþættir og fjármögnun

Áætluð útgjöld Upphæð

15.999.848-

Áætlaðar tekjur Upphæð

990.000-

Fjármögnununaraðili Upphæð

Styrkveitandi Upphæð

Upphæð sem sótt er um: -

1.000.000-

Fjármögnun annarra aðila (annarra en Reykjavíkurborgar):

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?

Launasjóð sviðslistafólkis: 3.514.000-

Opinber styrkur til atvinnuleikhópa: 10.000.000-

Arts Council England: 500.000-

Aðrar upplýsingar

-Myndband

Aequitas Collective gaf út myndband í sumar til að sýna afrakstur vinnustofunnar, það gefur skýra mynd af sköpunarkrafti hópsins. https://www.youtube.com/watch?v=qa3vGKwM_hM

Íslenskir samstarfsaðilar Aequitas eru: Söngskóli Sigurðar Demetz, KÍTÓN (konur í tónlist), Íslensk tónverkamiðstöð, Alþýðuóperan en óstaðfestir eru Cycle tónlistarhátíðin og Southbank Music Festival

Vonast er til að geta fjármagnað dagpeninga og laun Michaels og Rosie að einhverju leyti úr erlendum sjóðum. Michael sér um umsóknir þeim megin hafsins en það sem búið er af verkefninu var styrkt af Arts Council England og vonum við að þau hafi áhuga á að styrkja verkefnið áfram.

Hefur Reykjavíkurborg áður sýnt styrki um verkfni umsækjanda?

Já

Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks?

250.000- voru veittar í verkefnið Sýningar/fræðsludagsskrá árið 2011. Einnig fengum við loforð um styrk árið 2012 fyrir Rakarann en ekki náðist að fullfjármagna það verkefni svo sá styrkur var aldrei sóttur.

Annað sem umsækjandi vill taka fram

Ég sendi með ferilskrár þáttakanda, frétt um Aequitas og myndræna framsetningu leikstjórans á verkinu.

Ég vil einnig hvetja ykkur til að líta á https://www.youtube.com/watch?v=qa3vGKwM_hM

Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

Umsækjandi

Málsnúmer	P-2016-09-30-0110
Nafn umsækjanda	Arcus Films ehf.
Kennitala	4506090640
Heimilisfang	Sólvallagötu 39
Netfang	arcus@arcusfilms.com
Póstnúmer	107
Staður	Reykjavík
Símanúmer 1	7767633
Símanúmer 2	7767633
Nafn ábyrgðarmanns	Ársæll Niélsson
Kennitala ábyrgðarmanns	1204833829
Heimilisfang ábyrgðaraðila	Holtsgata 21
Póstnúmer ábyrgðaraðila	101
Netfang ábyrgðaraðila	arsaell@arcusfilms.com
Símanúmer ábyrgðaraðila	8473823
Hlutverk ábyrgðaraðila	Framleiðandi
Banki	0513
Höfuðbók	14
Reikningsnúmer	406248

Lýsing á verkefni

Heiti verkefnis Ratatam - forvarnarmyndbönd

Verkefnið í hnotskurn Vinnsla og dreifing forvarnarmyndabanda sem taka á kynjamisrétti og kynbundnu ofbeldi.

Verkefnislýsing

Leikhópurinn Ratatam hefur unnið að leiksýningunni SUSS! í rúmt ár. Við undirbúning hefur hópurinn tekið viðtöl við yfir 50 manns um reynslu þeirra af kynbundnu ofbeldi. Aðeins hluti þess efnis ratar í sýninguna. arCus og Ratatam hyggjast vinna stutt leikin myndbönd upp úr því efni sem ekki ratar á sviðið. Myndböndum verður dreift á samfélagsmiðlum auk þess sem leitað verður til fjölmiðla og sjónvarpsstöðva í viðleitni til að auka dreifingu efnissins. Framkvæmd verkefnisins fer fram með hefðbundnu framleiðsluferli kvikmyndaverka s.s forframleiðsla, framleiðsla, upptökur og eftirvinnsla. Við munum einnig framkvæma myndskleið með 360° gráðu myndatöku sem styður við skilaboð okkar um samfélagslega ábyrgð þegar kemur að kynbundnu ofbeldi. Þar sem áhorfandi getur tekið þátt eða ráðið hvert hann horfir í rýmið á myndskleiðinu. Yfirskriftin er "Ekki líta undan" eða "bankað uppá". Leikin efni myndskleiðanna munu í flestumkum tilvikum byggjast á sönnnum atburðum. Skilaboð myndskleiðanna verða til þess að hvetja áhorfandan til að bregðast við ef hann verður var við kynbundið ofbeldi, sjá ábyrgð sína í slíkum málum í stað þess að líta undan og tilkynna þau til lögreglu.

Sótt er um verkefni á Félags- og velferðarmála sviði

Markmið

Meginmarkmið verkefnisins er að framleiða 10 leikin myndskleið um jafnrétti kynjanna í víðu samhengi með því að varpa ljósi á misrétti sem almenningur er blindur fyrir. Myndskleiðin eru stutt, hnitmiðuð og dreifast á samfélagsmiðla og eiga það sameiginlegt að ná til einstaklinga á aldrinum 16- 40 ára sem eru í meiría mæli á samfélagsmiðlum og hafa tilhneigingu til styttri athygli á

netmiðlum þar sem áreiti er stöðugt. Myndskeiðin eru mörg hver byggð á raunverulegum atburðum úr íslenskum veruleika. Myndskeiðin munu: - Varpa ljósi á mismunun kynjanna í samfélaginu og þá ávinning beggja kynja fyrir auknu jafnrétti á heimilinu og á vinnustað. - Hvetja fólk til að setja sig í spor annarra og varpa ljósi á samfélagslega ábyrgð og ávinning okkar allra til aukins jafnréttis. - Vekja athygli á kyndbundnu ofbeldi í nánum samböndum og hvetja til aðgerða ef fólk verður vitni að slíku. (Ekki líta undan, bönkum upp á). Barátta gegn ofbeldi inni á heimilum er hluti af jafnréttisbaráttunni. - Berjast gegn staðalmyndum meðal karlmanna. Karlmennt geta verið „fórnarlömb karlmennskuhugmynda“ sem rýrir lífsgæði þeirra og hefur t.d áhrif á nám og starfsval. - Útrýma mýtum um að jafnrétti sé einungis konum til hagsbóta eða að jafnrétti og að jafnréttismál komi karlmönnum ekki við. Karlmennt þurfa að vera óhræddir að taka þátt, láta í sér heyrta, leita sér aðstoðar varðandi andleg og líkamleg veikindi, markmiðið er að varpa ljósi á mikilvægi þátttöku karlmanna í baráttunni fyrir betri lífsgæði karlmanna og kvenna. - Við viljum vekja athygli á jafnréttismálefnum meðal ungs fólks og hvetja til aðgerða eða þátttöku í baráttunni, einnig uppræta fordóma sem ungt fólk hefur oft á tíðum fyrir jafnréttismálum eða veit ekki hvornig það á að bregðast við málefnum tengdu óréttlæti og jafnrétti. - Opna fyrir fjölbreyttari sýn á kynjahlutverkum, einstaklingar sama kyns ólíkari en milli kynja. - Foreldraútskýfun (e. Parental alientaion), forsjárréttindur foreldra sé jafnaður út.

Hverjir hafa helst hag af styrknum? Bæði kynin jafnt

Hverjir munu vinna að verkefninu? Aðallega konur

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun) -

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

Ósýnilegt þak hindrar konur í að komast á toppinn í atvinnulífnum og ósýnilegir veggir hindra karlmenn í að taka fullan þátt í heimilisstörfum og vinna þarf að hvoru tveggja á báðum "vígstöðvum" til að jafna stöðu kynjanna. Það er langtímavirkefni og hulunni yfir misgengi kynjanna er svipt rólega af samfélaginu. En með stuttum myndböndum, viljum við vekja fólk upp af staðlaðri kynbundinni hugsun. Okkur langar sérstaklega að sýna hversu mikilvægt jafnrétti er okkur öllum, konum, körlum, börnum, fólki af erlendum uppruna, ólíkum trúarflokkum og þar fram eftir götunum. Við viljum ekki einungis varpa ljósi á málefni kvenna og annarra minnihlutahópa í þessum efnum, heldur einnig karlmanna. Það er hagur okkar allra. Skilaboðin verða skýr og hnitmiðuð og ættu að leiða til samfélagslegrar umræðu fólks, opna fyrir jákvæðu viðhorfi gagnvart mikilvægum málefnum og hvetja ungt fólk til aukinnar meðvitundar um samfélagið í kringum það sem leiðir af sér aðgerðir.

Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?

Við setjum fyrirbyggjandi þekkingu í nýjan búning í gegnum miðla og tölum til markhóps sem við teljum þurfa á markvissri áminningu um jafnrétti að halda. Við teljum sem svo að almenningsvitneskja er ekki svo almenn og því má alltaf bæta við fræðslu og minna fólk á það sem það veit jafnvel fyrir. Sem dæmi er ekki almenn vitneskja að fyrirtækjum sem stjórnað er bæði af körlum og konum vegnar betur (Elborgh-Woytek o.fl., 2013) Þess vegna munum við hafa stutt hnitmiðuð myndskleið og frumsýna þau á 2 vikna fresti í 4 mánuði til að varpa ljósi á niðurstöðum rannsókna sem nær svo sjaldan til almennings eins og dæmið hér að ofan sýnir. Við lögðum einnig fyrir megindlega rannsókn á 100 manna úrtaki þar sem 55% kvenna töldu sig hafa upplifað ójafnrétti vegna kyns síns síðustu 12 mánuði í samskiptum, launamismun eða öðru kynbundnu ójafnrétti. Við höfum einnig spurst fyrir um ólíkar skoðanir ungs fólks á jafnrétti og í meira mæli eru ungar konur sem vilja ekki kalla sig "feminista" vegna neikvæðrar merkingar sem lagst hefur á orðið. Umræðan á samfélagsmiðlum hefur verið að setja neikvæða hleðslu í orðið og ungir menn geta verið fáfróðir og/eða fordómafullir um það hvað jafnrétti snýst um. Eins eru þeir hræddir um að jafnrétti taki af þeirra réttindum og líta því á baráttuna sem ógn. Markmiðið er að vinna að myndskleiðunum með því að varpa ljósi á staðreyndir og vinna að því að útrýma þessum og fleiri mýtum um jafnrétti. Eins og v varpa ljósi á að jafnrétti kynjanna stuðlar að betri nýtingu mannauðs, eykur verðmætasköpun og rannsóknir sýna að jafnrétti helst í hendur við hamingjuskalann m.ö.o. Aukið jafnrétti eykur hamingju allra í samfélaginu, líka barnanna okkar. Nýnæmi verkefnisins er formið á myndskleiðunum sem er að ryðja sér til rúms hér á landi eins og t.d á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík sem og Örvarpið sem er örmyndakeppni á RÚV. Því teljum við þetta form eiga vel við þar sem lögð er áhersla á stutt myndskleið. Samfélagið hefur mótandi áhrif á hvernig við bregðumst við í ákveðnum aðstæðum. Það eru oft á tíðum rötgrónar og ómeðvitaðar hugmyndir sem vinna gegn siðferðiskennd manneskjunnar og gegn jafnrétti. Við myndum halda að ef við gengjum framhjá manneskju í vanda, myndum við rétta fram hjálparhönd. Málið er því miður flóknara en svo. Togstreyta mannsins yfir því að hann ætti að hjálpa á móti því að hann ætti að vera að gera það sem allir eru að gera í kringum hann, labba framhjá án þess að veita aðstoð, ákveðin hjarðhegðun myndast í slíkum tilvikum sem gerir einstaklingi erfiðara fyrir að rísa upp á móti straumnum. Slík hegðun hefur mikið verið rannsökuð innan sálfræðinnar og félagsfræðinnar og nefnist hún e. Bystander effect og vísar til þess að því fleiri sem sjá manneskju í vanda því ólíklegra er að einhver veiti aðstoð. Þessu virðist valda að dreifing ábyrgðar er of mikil. Þessu ber saman við að þegar nágrannar verða vitni að heimilisofbeldi, hringja þeir sjaldnast í lögregluna. Samkvæmt rannsókn frá Háskóla Íslands á ofbeldi gegn konum komst Ingólfur V. Gíslason að þeirri niðurstöðu að utanaðkomandi aðilar tilkynna sjaldan eða aldrei ofbeldi í nánum samböndum til lögreglunnar, það er í öllum tilvikum þolandinn. Við viljum vekja athygli á að ofbeldi er samfélagslegt vandamál. Ofbeldi í nánum samböndum tengist jafnrétti og samfélagsleg ábyrgð okkar allra er að skipta sér af og opna augun fyrir slíku. Fleiri mál myndu koma upp á yfirborðið og hægt væri að hjálpa fleirum í vanda.

Verk- og tímaáætlun

Handrit og undirbúningur - feb Tökur - mars Eftirvinnsla - mars/apríl Sýningar - maí - júní

verkefnisins

Verkþættir og fjármögnun

Áætluð útgjöld

Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir

Áætluð útgjöld	Upphæð
Undirbúningur	1000000
Verkefnastjórar	3000000
Tækjaleiga	1000000
Leikarar	3250000
Hljóð	700000
Tökumaður	800000
Förðun	600000
Búningar og sviðsmynd	700000
Eftirvinnsla	750000
Dreifing og markaðssetning	800000
Stjórnunarkostnaður	150000

Samtals 12.750.000

Áætlaðar tekjur

Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir

Áætlaðar tekjur	Upphæð
-	-
-	-
-	-

Samtals 0

Upphæð sem sótt er um: 2000000

Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:

Fjármögnununaraðili	Upphæð
Reykjavíkurborg	2000000
Jafnréttissjóður	2000000
Evrópa unga fólksins (óstaðfest)	3850000
KarolinaFund (markmið)	1000000
Víkjandi kostnaður	3900000

Samtals
12.750.000

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?

Styrkveitandi	Upphæð
Jafnréttissjóður	2000000
Evrópa unga fólksins (óstaðfest)	3850000

-
-
Samtals

5.850.000

Aðrar upplýsingar

Hefur Reykjavíkurborg
áður sýnt á verkefni
umsækjanda? Nei

Hefur umsækjandi áður
fengið styrk úr
borgarsjóði? Ef svo
er, hvenær og hver var
upphæð
styrksins/styrkjanna? Nei

Annað sem
umsækjandi vill taka
fram -

Heiti	Einingar	Tímabil	Samtals	Víkjandi
Undirbúningur		2 1 mánuður	1.000.000	500.000
Verkefnastjórar		3 2 mánuðir	3.000.000	1.500.000
Myndbönd, leiga á tækjabúnaði		10 2 dagar	1.000.000	100.000
Leikarar		5 20 dagar	3.250.000	1.500.000
Tökumaður		1 20 dagar	800.000	100.000
Hljóð		1 20 dagar	700.000	50.000
Förðun		1 20 dagar	600.000	50.000
Búningar og sviðsmynd		1 20 dagar	700.000	50.000
Eftirvinnsla		1 21 dagur	750.000	50.000
Dreifing og markaðssetning		1 1 mánuður	500.000	0
Markaðsefni		1	300.000	0
Ótilgreindur kostnaður		1	150.000	0
Samtals			12.750.000	3.900.000

Sótt er um	5.000.000
------------	-----------

Til þess að verkefnið verður að veruleika mun verkefnastjórar sem og aðrir aðstandendur víkja hluta af launakostnaði sínum (sjá víkjandi).

Aðrir styrktaraðilar	Staða	Samtals
Evrópa Unga fólksins	óstaðfest	3.850.000

Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

Umsækjandi

Málsnúmer	P-2016-10-03-0206
Nafn umsækjanda	Höndin, félag
Kennitala	5201060570
Heimilisfang	Arahólum 4
Netfang	hondin@hondin.is
Póstnúmer	104
Staður	Reykjavík
Símanúmer 1	6959104
Símanúmer 2	6959104
Nafn ábyrgðarmanns	Höndin, Félag
Kennitala ábyrgðarmanns	5201060570
Heimilisfang ábyrgðaraðila	-
Póstnúmer ábyrgðaraðila	-
Netfang ábyrgðaraðila	-
Símanúmer ábyrgðaraðila	-
Hlutverk ábyrgðaraðila	CEO
Banki	114_
Höfuðbók	26
Reikningsnúmer	20106_

Lýsing á verkefni

Heiti verkefnis Sjálfstyrking og samhjálp

Verkefnið í hnotskurn

Sjálfstyrking fyrir einstaklinga eftir áföll til að efla þá, greina vanda og benda á lausnir. Efla félagslega færni og atvinnuþátttöku.

Verkefnislýsing

Sjálfstyrking Handarinnar er fyrir einstaklinga sem hafa orðið fyrir áföllum og þurfa stuðning með áframhaldandi þátttöku í samfélaginu. Markmiðið er að virkja einstaklinga til að finna eigin styrk og getu, greina vandamál og benda á leiðir til aðstoðar. Höndin leitast við að vera vettvangur fólks til sjálfstyrkingar, samhjálpar og vera farvegur fólks sem þarf stuðning varðandi félagslega færni og atvinnuþátttöku. Starfsemin er tengd viðtölum, heimsóknum á elliheimili, á geðdeildir og heimili skjólstæðinga

Sótt er um verkefni á Félags- og velferðarmála sviði

Markmið

Sjálfstyrking Handarinnar er fyrir einstaklinga sem hafa orðið fyrir áföllum og þurfa stuðning með áframhaldandi þátttöku í samfélaginu. Markmiðið er að virkja einstaklinga til að finna eigin styrk og getu, greina vandamál og benda á leiðir til aðstoðar. Höndin leitast við að vera vettvangur fólks til sjálfstyrkingar, samhjálpar og vera farvegur fólks sem þarf stuðning varðandi félagslega færni og atvinnuþátttöku. Starfsemin er tengd viðtölum, heimsóknum á elliheimili, á geðdeildir og heimili skjólstæðinga. Fastir sjálfstyrkingarfundir eru haldnir einu sinni í viku allt árið, auk málþinga. Tekið er á móti símtölum allan sólahringinn, allt árið. Samskipti fara einnig fram með tölvupósti. Það skal tekið fram að skjólstæðingar okkar koma víðs vegar að af landinu og Höndin hefur haldið fundi víða um land. Persónuleg þjónusta og heimsóknir til einstaklinga var mikil á s.l. ári. Af ýmsum ástæðum geta eða vilja einstaklingar ekki koma á fundi. Höndin hefur komið til móts við þarfir þeirra með

einkaheimsóknun, símaþjónustu og tölvupósti í formi einstaklingsráðgjafar sem getur verið margvísleg, fjárhagsráðgjöf, atvinnustuðningur og félagslegur stuðningur. Höndin hefur starfað frá árinu 2005 og starfið hefur aukist jafnt og þétt ár hvert. Sjá heimasíðuna www.hondin.is Viðtölin fara fram í Áskirkju í Reykjavík, Vesturbergi 114 og hjá hinum ýmsu fagaðilum.

Hverjir hafa helst hag af styrknum? Bæði kynin jafnt

Hverjir munu vinna að verkefninu? Bæði kynin jafnt

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)

Já, Höndin sinnir skjólstæðingum óháð kyni, kynhneigð, trúarbrögðum, kynþætti eða öðru sem kann að aðgreina fólk.

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

Við teljum starfsemi Handarinnar miðast við fullt jafnrétti í öllum greinum. Starf Handarinnar miðast við fólk hvaðan sem það kemur varðandi kynferði, kynhneigð, trú, kynþætti, uppruna, fötlun eða nokkru sem greint getur fólk sundur. Kjörorð Handarinnar er: Hver og einn skiptir máli – allir með.

Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?

Höndin hefur starfað síðan haustið 2005 og þörfin fyrir starf hennar vex með hverju ári. fyrirspurnir til Handarinnar teljast um 1.800 á ári og heimsóknir til skjólstæðinga eru milli 800 og 900 á ári. Fundir: Sjálfstyrking einu sinni í viku í Áskirkju. Almennir fundir um hin ýmsu málefni. Stjórnarfundir, starfsmannafundir. Fundir með öðrum félögum er koma að framgangi skjólstæðinga Handarinnar: td Geysi, Geðhjálp, Sjálfsbjörg og fl. Símtöl: Frá skjólstæðingum til Handarinnar og svör frá hinum ýmsu fyrirspurnum sem eru undir stjórn Helgu Hallbjörnsdóttur formanni Handarinnar ca 1800 svör og svarbeiðnir. Heimsóknir : Til skjólstæðinga ca 800 - 900 á ársgrundvelli. Ráðgjafaviðtöl : Fara fram að Arahólum 4, Rvk, Vesturbergi 114, Rvk, Áskirkju í Rvk og á heimilum skjólstæðinga er eigi treysta sér til að fara að heiman. Skjólstæðingar er Höndin sendir til annarra sérfræðinga til frekari hjálpar td : lækna, lögfræðinga, presta, og fleiri fagaðila. Höndin veitir viðurkenningar til fyrirtækja og einstaklinga á jólafundi félagsins er okkur finnst hafa skarað framúr á sviði mannúðar og mannræktar. Hjálparstarfsemi v/skjólstæðinga okkar varðandi : húsnæði, lögréttindi, atvinnumál, mannréttindi með þeirri vissu að lifa í fullri reisn. Heimasíða Handarinnar - www.hondin.is – Umsjón hefur Garðar Balvinsson Útgáfa: Útgáfa bæklinga um starfsemi Handarinnar – dreift á hina ýmsu staði, félagsþjónustur, læknaustofur, Geðdeild Lsp og fl. Útgjöld: Mikill kostnaður fylgir því að sinna þessu starfi, sérstaklega síma-, bifreiða- og tölvukostnaður auk kostnaðar við endurskoðun á reikningum og fleira.

Verk- og tímaáætlun Starfið fer fram allt árið. Kostnaður kemur fram í Ársreikningi sem verður lagður til þegar óskað er verkefnisins

Verkþættir og fjármögnun

Áætluð útgjöld

Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir

Áætluð útgjöld	Upphæð
Laun og launatengd gjöld	1995000
Fundir, málþing, skjólstæðingar	420000
Skrifstofa og endurskoðun	200000
Sími og burðargjöld	70000
Tölvukerfio og heimasíða	300000
Kaup og rekstur bifreiða	1250000
-	-
Samtals	4.235.000

Áætlaðar tekjur

Skilgreinið helstu tekjulíði og upphæðir

Áætlaðar tekjur	Upphæð
Ríkið (velferðarráðuneyti)	2000000
Reykjavíkurborg	400000
Þátttaka TR í launum	525000
Aðrir styrkir og framlög	300000
-	-

Samtals 3.225.000

Upphæð sem sótt er um: 400000

Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:

Fjármögnununaðili	Upphæð
Reykjavíkurborg	400000
Ríkið	2000000
TR	525000
Aðrir styrkir og framlög	300000

Samtals
3.225.000

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?

Styrkveitandi	Upphæð
Ríkið	2000000
TR	525000
Annað	300000

Samtals 2.825.000

Aðrar upplýsingar

Hefur Reykjavíkurborg
áður sýnað verkefni
umsækjanda? Nei

Hefur umsækjandi áður
fengið styrk úr
borgarsjóði? Ef svo
er, hvenær og hver var
upphæð
styrksins/styrkjanna? Já, árlega 320000-350000 í nokkur ár

Annað sem
umsækjandi vill taka
fram Ársskýrsla 2015 fylgir hér með.

Reykjavíkurborg
b/t Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Málsnr.: <i>R1702019</i> Skjalasafn Ráðhúss 16. feb. 2017 Bréfalykill: <i>1252</i>

Reykjavík, 14. febrúar, 2017

Ósk um styrk til útgáfu bókarinnar, „Bæjarskipulag og mótun umhverfis á Íslandi á 20. öld“

Bókaútgáfan Crymogea hyggst gefa út bók um sögu skipulagsmála á Íslandi haustið 2017. Bókin er eftir Harald Sigurðsson skipulagsfræðing og sagnfræðing og hefur verið í vinnslu á undanförunum árum (sjá nánar fylgigögn).

Skipulag byggðar og mótun umhverfis eru eitt af mikilvægustu málefnum samtímans. Saga skipulagsmála á því brýnt erindi við almenning. Hún gagnast til að draga lærdóm af mistökum fortíðarinnar, vekja fólk til umhugsunar um afdrifaríkar skipulagsákvæðanir og að treysta grundvöll ákvæðana um nýtt og betra skipulag til framtíðar. Útgáfa sögu skipulagsmála er því þarfaverk.

Mikilvægt er að standa vel að útgáfu slíkrar bókar. Stefnt er að því að gera söguna áhugaverða og aðgengilega fyrir breiðan lesendahóp, án þess að draga úr fræðilegum kröfum. Til að svo megi verða þarf að standa mjög veglega að útgáfunni, meðal annars með því að gera myndabætti hennar hátt undir höfði. Ríkulega myndskreytt bók í stóru broti getur hins vegar verið mjög kostnaðarsöm í útgáfu. Til að slík útgáfa, um brýnt samfélagsmál, standi undir sér er nauðsynlegt að leita til velviljaðra aðila um styrki. Einkum er leitað til opinberra aðila sem tengjast viðfangsefni bókarinnar.

Hér með er leitað eftir stuðningi Reykjavíkurborgar við þessa metnaðarfullu bókaútgáfu.

Það þarf sennilega ekki að taka það fram að þróun og saga skipulags í höfuðborginni skipar veigamikinn sess í bókinni. Reykjavíkurborg hefur ávallt verið brautryðjandi og leiðandi í skipulags- og umhverfismálum hér á landi, hvort sem litið er til gerð bæjarskipulags, samgönguskipulags, þróun húsnæðismála eða stefnumörkunar í umhverfismálum almennt. Skipulag borgarinnar hefur einnig verið lang fyrirferðarmest í umræðu leikra og lærða í þessum málaflokki. Birtar verða fjölmargir uppdrættir, teikningar og ljósmyndir, sem eru varðveittir eru hjá stofnunum Reykjavíkurborgar og hafa aldrei áður birst á prenti.

Í bókinni er fjallað með ítarlegum hætti um sögu og þróun heildarskipulags borgarinnar, allt frá viðleitni til skipulagningar á 19. öld og fram á 21. öld, hugmyndir um endurreisn miðborgarinnar og samspil þeirra skipulagstillagna við þróun hús- og borgarverndar, tilkomu hins sjálfstæða íbúðarhverfis, þróun samgönguskipulags, samspil húsnæðis- og skipulagsmála, þátt Reykjavíkurhafnar í þróun heildarskipulagsins og deilurnar um Reykjavíkurflugvöll, svo eitthvað sé nefnt. Þá er sérstaklega fjallað um þá togstreitu sem ríkti milli skipulagsyfirvalda ríkisins og borgarinnar framan af og þá miklu sérstöðu sem höfuðborgin hefur haft þegar kemur að lagaumhverfi um bæjarskipulag hér á landi.

Bókin er í aðra röndina óður til þéttbýlisins, um mikilvægi þess sem drifkrafts samfélagsbreytinga í sögulegu tilliti. Í fyrsta hluta bókarinnar er yfirgripsmikil umfjöllun um aðdraganda þéttbýlismyndunar hér á landi og ástæður þess að sú þróun hefst ekki fyrr en komið er fram á 19. öld. Í þeirri sögu gegnir Reykjavík grundvallarhlutverki. Almennt er lögð áhersla á að skoða sögu skipulagsgerðar í samhengi við eðli og þróun þéttbýlis og í hinu stóra samhengi samfélagsbreytinga. Dýpri skilningur á uppruna og eðli borga og bæja, er lykilforsenda að skynsamlegri nálgun á skipulag til framtíðar.

Virðingarfyllst,

Kristján B. Jónasson, útgefandi

Crymogea – Barónsstíg 27 – crymogea@crymogea.is

Kristján B. Jónasson